

Priðjudaginn 25. mars 1975.

Nr. 71/1973. **Magnús Leópoldsson**

(Jóhann Steinason hrl.)

gegn

Bjarna Th. Mathiesen og

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Bjarni Th. Mathiesen

gegn

Magnúsi Leópoldssyni og

Hrafni Bachmann og

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Hrafn Bachmann

gegn

Magnúsi Leópoldssyni og

Bjarna Th. Mathiesen.

Dómentur:

**hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Bifreiðar. Lausafjárkaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Magnús Leópoldsson, áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. maí 1973. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens, en til vara, að honum verði aðeins dæmt að greiða nefndum gagnáfrýjanda 36.540 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi hans.

Gagnáfrýjandi Bjarni Th. Mathiesen áfrýjaði máli þessu með stefnu 15. maí 1973. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann áfrýjaði máli þessu með stefnu 7. september 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. ágúst s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu aðaláfrýjanda, Magnúsar Leópoldssonar, eru ekki gerðar kröfur á hendur gagnáfrýjanda Hrafni Bachmann, og af hálfu gagnáfrýjanda Hrafns Bachmanns eru ekki hafðar upp kröfur gegn aðaláfrýjanda, Magnúsi Leópoldssyni.

Í héraði var Svava Ingvarsdóttir meðal stefndu í málinu, en málinu er eigi áfrýjað, að því er hana varðar.

Í héraðsdómi greinir frá dómsmáli því, er Hilmar Ólafsson höfðaði gegn gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesen, og úrslitum þess. Samkvæmt bréfi Bifreiðaeftirlits ríkisins 19. desember 1969 var bifreið sú, sem málið fjallar um, skráð sem árgerð 1955 á skrám Bifreiðaeftirlitsins allt frá fyrstu skráningu bifreiðarinnar hér á landi, uns Svava Ingvarsdóttir afsalaði henni til gagnáfrýjanda Hrafns 11. mars 1966. Við þá umskráningu var bifreiðin fyrsta sinni skráð sem árgerð 1957. Í áðurgreindu bréfi er þetta talið hafa stafað af misritun. Í afsali gagnáfrýjandans Hrafns til aðaláfrýjanda er bifreiðin skýrum orðum sögð vera af árgerð 1957. Hefur Hrafn viðurkennt, að hann hafi vitað, að þetta var rangt og að honum hafi verið kunnugt um hina réttu árgerð bifreiðarinnar svo og að hann hafi vitað, að árgerð hennar var rangt skráð í skrár Bifreiðaeftirlitsins. Með framangreindu atferli hefur gagnáfrýjandinn Hrafn orðið valdur að því, að gagnáfrýjanda Bjarna var seld bifreiðin sem árgerð 1957, og hefur hann með því bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum. Hann hefur engum andmælum hreyft gegn fjárhæð bótakröfunnar, og verður hún því tekin til greina að fullu.

Aðaláfrýjandi hefur synjað fyrir að hafa vitað annað en að rétt væri greint frá árgerð bifreiðarinnar í afsali gagnáfrýjanda Hrafns til sín. Hrafn telur aðaláfrýjanda hins vegar hafa verið fullkunnugt um hið rétta í því máli. Hér stendur staðhæfing gegn staðhæfingu. Frásögn gagnáfrýjandans Hrafns, vætti Gunnars Gunnarssonar eða önnur gögn máls verða ekki talin veita fulla sönnun fyrir því, að skýrsla aðaláfrýjanda um þetta sé röng. Hefur gagnáfrýjandi Bjarni því ekki sannað, að aðaláfrýjandi hafi vísvitandi blekkst hann um árgerð bifreiðarinnar, er hann seldi honum hana. Frestur samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922 var löngu liðinn, þegar

gagnáfrýjandi Bjarni tilkynnti aðaláfrýjanda um málssókn Hilmars Ólafssonar gegn sér 28. janúar 1970, og undantekningarákvæði nefndrar greinar eiga samkvæmt framansögðu ekki við. Verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna.

Rétt er, að gagnáfrýjandi Hrafn greiði gagnáfrýjanda Bjarna 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í þætti aðaláfrýjanda fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Magnús Leópoldsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesens í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra í milli fellur niður.

Gagnáfrýjandi Hrafn Bachmann greiði gagnáfrýjanda Bjarna Th. Mathiesen 116.300 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1970 til greiðsludags og 60.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. mars 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. febrúar 1973, hefur Bjarni Th. Mathiesen, Hraunbæ 54, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. mars 1970, á hendur Magnúsi Leópoldssyni Rofabæ 45, Reykjavík, Hrafn Bachmann, Geitlandi 35, Reykjavík, og Svövu Ingvarsdóttur, Bólstaðarhlíð 11, Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 116.300 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 11. mars 1970 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Magnúsar Leópoldssonar eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins voru þær varakröfur gerðar af hálfu stefnda Magnúsar, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnanda kr. 36.540 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1970 til greiðsludags og málskostnaður látinn falla niður.

Af hálfu stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, eru þær dómkröfur gerðar, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins voru þær dómkröfur gerðar af hálfu Hrafns Bachmanns, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að með afsali, dags. 29. apríl 1966, hafi hann keypt bifreiðina Y 779 af stefnda Magnúsi Leópoldssyni, sem þá hafi búið að Hlíðarvegi 33, Kópavogi. Við umskráningu hafi bifreiðin fengið skrásetningarnúmerið R 12557. Í afsali þessu segi m. a.:

„Ég undirritaður, Magnús Leópoldsson, Hlíðarvegi 33, Kópavogi, sel hér með og afsala Bjarna Th. Mathiesen, Bragagötu 33, Reykjavík, bifreið mína Y 779, sem er Mercedes Benz, smíðaar 1957.“

Með afsali, dags. 16. desember 1967, kveðst stefnandi síðan hafa selt bifreiðina Hilmarí Ólafssyni, Arnarhrauni 29, Hafnarfirði, með sömu lýsingu á gerð og aldri bifreiðarinnar og lýst hafi verið í afsalinu til hans. Með stefnu, dags. 21. júní 1968, hafi Hilmar Ólafsson höfðað mál gegn stefnanda þessa máls og krafist riftunar á bifreiðarkaupunum, þar sem bifreiðin væri raunverulega af árgerðinni 1954, en ekki 1957, eins og lýst hafði verið. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, sem upp hafi verið kveðinn 21. febrúar 1970, hafi riftun verið staðfest og stefnandi þessa máls, Bjarni Th. Mathiesen, dæmdur til að greiða Hilmarí Ólafssyni kaupverð bifreiðarinnar ásamt kostnaði hans með kr. 71.540, vexti af skuldi-inni, sem á stefnudegi hafi numið kr. 11.260, og kr. 13.500 í málskostnað. Þá nemi kostnaður stefnanda af málinu kr. 20.000. Alls nemi kostnaður stefnanda af máli þessu því samkvæmt framanrituðu kr. 116.300, sem sé stefnukrafan í máli þessu. Samkvæmt bréfi Bifreiðaeftirlits ríkisins, dags. 19. desember 1969, kveður stefnandi stefnda Magnús Leópoldsson hafa keypt bifreiðina af stefnda Hrafni Bachmann 13. apríl 1966, en Hrafni af stefndu Svövu 11. mars 1966. En allt frá því að Svava hafi selt Hrafni bifreiðina hinn 13. apríl 1966, sé hún í skjölum Bifreiðaeftirlits ríkisins ranglega talin árgerð 1957. Ekki kveður stefnandi hafa komið fram í máli Hilmars gegn sér, hvernig aldri bifreiðarinnar hafi verið lýst í afsölum milli þessara aðilja, en er eiginmaður Svövu hafi mætt fyrir dómi 30. janúar 1970, hafi hann upplýst,

að hann hafi vitað, að bifreiðin var ekki af árgerðinni 1957. Kveður því stefnandi dómkröfur í máli þessu þær, að stefndu verði in solidum dæmd til að bæta honum tjón hans í viðskiptum þessum, enda megí telja víst, að þeim hafi verið kunnugt um raunverulegan aldur bifreiðarinnar, er áðurgreindar sölur hafi farið fram. Stefnandi kveður hinum stefndu hafa verið tilkynnt með bréfi, dags. 28. janúar 1970, um rekstur málsins gegn stefnanda þessa máls samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 85/1936.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu. Stefnandi málsins, Bjarni Th. Mathiesen, hefur komið fyrir dóm og staðfest þar málavaxtalýsingu í stefnu á dskj. nr. 1 með þeirri leiðréttingu, að númer umræddrar bifreiðar hafi verið R 12057, en ekki R 12557.

Stefndi Magnús Leópoldsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi keypt umrædda bifreið af Hrafni Bachmann og hafi hún þá haft skrásetningarnúmerið R 13364. Kveður stefndi Magnús Hrafn hafa gefið þær upplýsingar, að hún væri af árgerðinni 1957, enda hafi það komið fram í öllum plögnum varðandi bifreiðina, að svo væri, m. a. í skoðunarvottorði hennar, enda kveður stefndi Magnús verð bifreiðarinnar hafa verið miðað við það. Stefndi Magnús kveður Bílasölu Guðmundar að Bergþórugötu hafa haft umrædda bifreið til sölu, en hún hafi þó ekki gengið frá samningum, er stefndi keypti bifreiðina af Hrafni. Stefndi Magnús kveðst hafa verið starfsmaður Hrafns Bachmanns, er umrædd bílakaup áttu sér stað, og hafi þeir gengið frá samningum sín á milli. Hann kveðst síðan hafa látið skrá bifreiðina á sitt nafn og hafi hún þá hlotið skrásetningarnúmerið Y 779 og hafi þá m. a. verið gefið út skoðunarvottorð og í því hafi bifreiðin verið áfram af árgerð 1957. Stefndi Magnús kveðst hafa átt bifreiðina í rúman mánuð og þá selt hana stefnanda í máli þessu, Bjarna Th. Mathiesen, og hafi Aðalbílasalan annast fyrir sig sölu bifreiðarinnar. Stefndi Magnús kveður bifreiðina hafa reynst ágætlega miðað við aldur, á meðan hann átti hana. Hann kveðst hafa tekið umrædda bifreið sem greiðslu upp í aðra, sem hann hafi selt Hrafni Bachmann, og kveðst stefndi ekki hafa hugsað sér að eiga þessa bifreið lengi, enda hafi hann ekki talið það hagkvæmt fyrir sig að eiga svona stóra bifreið. Stefndi Magnús kveðst ekki muna örugglega, fyrir hvaða verð hann hafi selt stefnanda bifreiðina, en telur þó, að það hafi verið yfir kr. 100.000.

Í hinu sama þinghaldi upplýsti stefnandi, að hann hefði keypt bifreiðina af stefnda Magnúsi á kr. 130.000, þannig að hann hafi

látið hann hafa Volkswagen bifreið, árgerð 1963, upp í verðið og síðan samþykkt tvo víxla að fjárhæð kr. 25.000 hvorn, en verð Volkswagen bifreiðarinnar hafi verið metið á kr. 80.000, en á afsalið hafi verið skrifað kr. 100.000. Stefndi Magnús telur, að þetta muni rétt vera, eftir því sem hann best man.

Stefndi Hrafn Bachmann hefur komið fyrir dóm í máli þessu og staðfest þar efni bréfs síns á dskj. nr. 18. Tekur hann fram, að Mercedes Benz bifreið þá, sem um ræðir í bréfinu á dskj. nr. 18, hafi hann aðeins átt í tvo daga, þar til Magnús Leópoldsson hafi keypt bifreiðina, en Magnús hafi átt bifreiðina í tæpan mánuð, fyrst látið skrá hana á sitt nafn, áður en hann seldi hana.

Vitnið Gunnar Gunnarsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi í máli þessu, að hann hafi verið starfsmaður Hrafns Bachmanns á þeim tíma, sem umrædd bílaviðskipti hafi átt sér stað. Vitnið kveður vera rétt frá skýrt í bréfi stefnda Hrafns á dskj. nr. 18, eftir að efni bréfsins hafði verið kynnt vitninu. Kveður vitnið, að þeir hafi allir vitað, að Mercedes Benz bifreiðin var árgerð 1955, og kveðst vitnið hafa sagt það við Magnús Leópoldsson, að hann teldi það rangt af honum að selja bílinn sem árgerð 1957. Vitnið kveðst telja, að ástæðan fyrir því, að Magnús Leópoldsson hafi sett þau skilyrði fyrir því, að hann keypti Mercedes Benz bifreiðina, að hún yrði skráð árgerð 1957, hafi verið sú, eftir því sem Magnús hafi sjálfur sagt vitninu, að þá væri betra að selja bifreiðina. Kveðst vitnið hafa heyrt Magnús segja þetta, er þeir ræddu saman á Bílasölu Guðmundar á Bergþórugötu, og einnig hafi hið sama komið fram, er þeir ræddu um þetta vitnið og Magnús ásamt Hrafn Bachmann. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt Kristín Ólason skýra frá því, að bifreiðin væri skráð 1957 í Bifreiðaeftirlitinu, og kveðst vitnið ekkert hafa fylgst með viðræðum, sem áttu sér stað við Kristín í sambandi við fyrrnefnda bifreið. Hins vegar kveðst vitnið telja, að vitneskja um það, að bifreiðin væri skráð árgerð 1957, en væri í rauninni 1955, hafi verið komin frá Kristni Ólasyni til þeirra Hrafns Bachmanns og Magnúsar Leópoldssonar.

Vitnið Hörður Jónsson bifreiðaeftirlitsmaður hefur skýrt svo frá fyrir dómi í þessu máli, að Kristinn Ólason hafi komið með Mercedes Benz bifreið til skoðunar. Segir vitnið sig minna endilega, að misræmi væri á milli skoðunarvottorðs bílsins og lögskráningar bílsins í Bifreiðaeftirlitinu um árgerð hans, þannig að búið hafi verið að breyta árgerðinni í skoðunarvottorðinu, að því er vitnið minnir. Kveðst vitnið þó ekki þora að fullyrða neitt

um þetta. Segir vitnið sig endilega minna, að það hafi sent Kristinn inn í Ræsi til að fá staðfestingu á því, af hvaða árgerð billinn væri. Vitnið kveðst telja víst, að ef Kristinn Ólason hafi beðið um, að skoðunarvottorðinu væri breytt til samræmis við lögskráningarkort bifreiðarinnar, þá hafi það verið gert.

Kristinn Ólason, eiginmaður stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi selt umrædda Mercedes Benz bifreið á kr. 100.000 fyrir hönd konu sinnar. Aðspurður kveðst hann ekki hafa orðið var við sérstakan áhuga hjá Hrafn Bachmann á umræddum bíl vegna þess, að hann væri skráður árgerð 1957. Kristinn kveður það hafa verið allllöngu áður en hann seldi bílinn, sem hann talaði við Hörð Jónsson um að leiðrétta árgerð bílsins í skoðunarvottorðinu í árgerð 1955, en í skoðunarvottorði því, sem fylgt hafi bílnum, þegar kona hans hafi keypt hann frá Akranesi, hafi hann verið skráður árgerð 1957. Kristinn segir, að þegar hann seldi bílinn, hafi verið tilgreint í skoðunarvottorði hans, að hann væri af árgerðinni 1955.

Stefndi Hrafn Bachmann, sem kom aftur fyrir dóm í hinu sama þinghaldi og Kristinn Ólason, kvaðst ekki þora að fullyrða um það, hvort skoðunarvottorð hafi fylgt bílnum, þegar hann hafi keypt hann. Hann tekur og fram, að hann hafi heyrt sölumann, Baldur Guðmundsson, á Bílasölu Guðmundar segja, að margumræddur Mercedes Benz bíll gæti ekki verið af árgerð 1957, heldur hlyti hann að vera eldri vegna þess, að gerð hurðarhúnanna benti til þess. Ekki kvaðst Hrafn muna, hvort Magnús heyrði þessi ummæli sölumannsins, en hann kveður sig minna, að hann hafi sagt Magnúsi frá þessu.

Við endurupptöku málsins í héraði vegna ómerkingar Hæstaréttar og heimvísunar á áður uppkveðnum héraðsdómi í því kom stefndi Hrafn Bachmann að nýju fyrir dóm. Kvaðst hann þá að gefnu tilefni ekki muna, hvort hann hefði undirritað afsal eins og það, sem fyrir liggur í ljósriti á dómsskj. nr. 20 í málinu, en hins vegar kvað hann undirskriftina þannig, að hann gæti hafa gert það. Tók hann fram, að þó að afsalseyðublaðið væri áprentað Bílasölu Guðmundar, hafi sú bílasala ekkert haft með umrædda sölu að gera á þeim bíl, sem tilgreindur sé í afsalinu, né heldur á Opelnum, sem hann hafi keypt af Magnúsi Leópoldssyni. Stefndi Hrafn tekur og fram, að hann hafi átt ca 15-17 bíla og eigi hann afsal fyrir þeim öllum nema þessum á dómsskj. nr. 20. Einnig tekur hann fram, að vera meggi, að hann hafi undirritað afsal þetta „in blanco“ og átt að fá afsalið, þegar búið væri að útfylla

það, en ekki fengið það. Sem nánari skýringu á því, hvað stefndi eigi við með „opnu afsali“, eins og hann einnig nefndi það, skýrði hann svo frá, að þegar hann hafi undirritað afsalið, kunni að hafa verið óráðið, hver kaupandinn yrði af Magnúsi Leópoldssyni, en hann hafi ætlað að selja bílinn strax aftur, þannig að bíllinn færi aldrei á nafn hans (þ. e. Magnúsar). Kvað stefndi Hrafn að gefnu tilefni þennan hátt hafa verið á hafðan, væntanlega í þeim tilgangi, að Magnús kynni þá að sleppa við greiðslu aðstöðugjalds eða einhverja skatta af sölunni. Einnig kvað stefndi Hrafn, að það skilyrði af hálfu Magnúsar fyrir því, að hann keypti bifreiðina, að hún væri skrásett árgæð 1957, hafi hann væntanlega sett í þeim tilgangi, að hann gæti þá selt bifreiðina á hærra verði en ella. Stefndi Hrafn kvað Magnúsi Leópoldssyni hafa verið kunnugt um, að bifreiðin væri árgæð 1955, áður en hann (stefndi Hrafn) keypti hana af Svövu Ingvarsdóttur. Að gefnu tilefni kvaðst stefndi Hrafn munu hafa sagt í áheyrn stefnda Magnúsar Leópoldssonar, að margumrædd bifreið væri árgæð 1955, en ekki 1957, en sjálfur kvaðst stefndi Hrafn hafa haft það eftir Kristni Ólasyni, enda hafi þeir beinlínis rætt um þetta stefndi Hrafn og stefndi Magnús, því að það hafi verið svo óvenjulegt, að slíkt sem þetta kæmi fyrir. Stefndi Hrafn hafi enn fremur skýrt svo frá, að kaup Magnúsar á Benz bifreiðinni hafi verið lykillinn að viðskiptunum við Kristin (Svövu) og kaupum stefnda Hrafns á Opel bifreið Magnúsar, en að öðru leyti kveðst hann ekki hafa haft fjárhagslegan ávinning af söluhagnaði Magnúsar.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að hann hafi með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. febrúar 1970, orðið að þola riftun, eftir að hann seldi Hilmari Ólafssyni umrædda bifreið, vegna þess að hún reyndist vera af árgæð 1954, en ekki 1957, eins og talið var í afsali, og endurgreiða Hilmari kr. 71.540. Eigi hann því endurkröfurétt á hendur hinum stefndu á fjárhæð þessari að viðbættum vöxtum og kostnaði, eða samtals á kr. 116.300, sem er stefnufjárhæðin, enda virðist ljóst, að svikum hafi verið beitt í einhverju afsali hinna stefndu og beri því nauðsyn til að höfða málið gegn öllum hinum stefndu til að fá úr því skorið, hvert þeirra beri ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi Magnús Leópoldsson styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að honum hafi verið sagt, er hann keypti umrædda bifreið, að hún væri árgæð 1957, enda skráð svo í skoðunarvottorði hennar, hafi hann því ekki haft minnsta grun um, að

árgerð hennar væri önnur, auk þess hafi meira en tvö ár liðið frá því hann seldi bifreiðina og þar til kvartað hafi verið yfir því, að árgerð hennar væri ekki rétt skráð í skoðunarvottorðinu. Enn fremur var af lögmanni stefnda Magnúsar Leópoldssonar við munnlegan flutning málsins sú málsástæða tilgreind til frekari rökstuðnings sýknukröfu, að stefndi Magnús hafi eigi verið orðinn fjárráða, er hann seldi stefnanda bifreið þá, sem mál þetta er risið af, og sé hann því eigi skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda af þeim sökum.

Varakröfu sína styður stefndi Magnús Leópoldsson þeim rökum, að honum beri, ef sýknukrafa verði ekki tekin til greina, aðeins að greiða höfuðstól þeirrar dómkröfu, sem stefnanda málsins var með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 21. febrúar 1970, gert að greiða, eða kr. 71.540, að fráðregnu andvirði bifreiðarinnar, sem hann kveður hæfilega metið á kr. 35.000. Sé varakrafa hans í málinu þannig fundin út.

Af hálfu stefnda Hrafns Bachmanns er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að hann eigi ekki aðild að þessu máli, þar sem hann hafi ekki komið nærri þeirri sölu, sem mál þetta sé risið af.

Af hálfu stefndu, Svövu Ingvarsdóttur, er og sýknukrafa hennar á því reist, að hún eigi ekki aðild að þessu máli. Á milli hennar og stefnanda hafi aldrei verið neitt réttarsamband og hún hafi aldrei átt nein viðskipti við stefnanda þessa máls um bifreiðina, sem mál þetta sé risið af.

Stefnda, Svava Ingvarsdóttir, hafði ekki nein afskipti af sölu margumræddrar bifreiðar, R 12057, til stefnanda og hefur því ekkert réttarsamband stofnast milli hennar og hans. Ekki verður heldur af gögnum málsins ráðið, að hún hafi tekið þátt í því að villa um fyrir einum eða neinum um árgerð bifreiðarinnar, nema síður væri. Á hún því ekki aðild að þessu máli, og ber þess vegna að sýkna hana af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er stefndu Svövu varðar.

Gegn mótmælum stefnanda þykja eigi efni til að taka til greina þá sýknuástæðu stefnda Magnúsar Leópoldssonar, að hann verði eigi krafinn skaðabóta í máli þessu vegna fjárræðisskorts, er kaupin gerðust um bifreið þá, sem um ræðir í máli þessu, þar sem málsástæða þessi var fyrst uppi höfð við munnlegan flutning málsins 21. júní 1971, enda þótt fæðingarvottorð hans væri lagt fram í þinghaldi 17. febrúar 1971. Verður því málsástæða þessi að teljast of seint fram komin, enda hefði honum verið í lófa

lagið, og lá enda beinast við, að koma slíkri málsástæðu að þegar í upphafi máls í greinargerð sinni. Benda má og á, að mál þetta er fyrst höfðað löngu eftir að stefndi Magnús hafði náð lögræðisaldri.

Er stefndi Magnús Leópoldsson seldi stefnanda umrædda bifreið, þykir í ljós leitt með vitnaframburði og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, að honum hafi verið kunnugt um, að árgerð umræddrar bifreiðar var þremur árum eldri en hún var talin vera í afsali til stefnanda, er sala fór fram. Stefndi Magnús átti bifreiðina aðeins mjög stuttan tíma, þar til hann seldi hana stefnanda þessa máls fyrir allmiklu hærri fjárhæð en hann keypti hana á. Þykir þetta framferði stefnda Magnúsar hafa verið með þeim hætti, að hann sé fébótaábyrgur gagnvart stefnanda málsins vegna þess tjóns, sem stefnandi hefur hlotið af því, að umrædd bifreið var seld honum sem árgerð 1957 í stað 1954 eða 1955, eins og hún var í raun og veru, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922 og 54. gr. sömu laga i. f.

Stefndi Hrafn Bachmann hefur viðurkennt, að honum hafi verið kunnugt um, að umrædd bifreið var árgerð 1955, en ekki 1957. Einnig hefur hann í afsali sínu til meðstefnda Magnúsar Leópoldssonar, sbr. dómsskj. nr. 20, sagt bifreiðina vera árgerð 1957, enda þótt honum væri kunnugt um, að það var ekki rétt. Þykir stefndi Hrafn með þessu hafa átt þátt í að blekkja viðsejanda stefnda Magnúsar og því vera fébótaábyrgur gagnvart stefnanda þessa máls ásamt með Magnúsi Leópoldssyni. Eigi hefur tekist að upplýsa í málinu, hvor átt hefur upptökin að margumræddri skekkju, að því er til árgerðar bifreiðarinnar tekur.

Lögmaður stefnanda hefur lýst því yfir við munnlegan flutning málsins, að bifreið sú, sem mál þetta er risið af, hafi verið ónýtt, er stefnandi fékk hana í hendur, eftir að kaupunum við hann hafði verið riftað. Þessari staðhæfingu hefur ekki sérstaklega verið mótmælt af hálfu hinna stefndu.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, verður því niðurstaða málsins sú, að dæma beri stefndu Magnús Leópoldsson og Hrafn Bachmann in solidum til að greiða stefnanda tjón hans af margnefndum viðskiptum.

Eins og rakið er að framan, varð stefnandi fyrir sérstökum útgjöldum vegna riftunarmáls, sem var undanfari þessa máls, og þykir hann eiga rétt til endurheimtu þess kostnaðar í máli þessu. Sá kostnaður nam samtals kr. 44.760. Söluverð bifreiðarinnar nam kr. 71.540. Nemur því samanlagt tjón stefnanda kr. 116.300,

sem er stefnukrafan í málinu. Engin rökstudd mótmæli hafa komið fram gegn réttmæti fjárhæðar, og ber því að taka hana til greina að fullu. Þá ber og að dæma stefndu Magnús og Hrafn in solidum til að greiða stefnanda vexti af framangreindri fjárhæð, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 11. mars 1970 til greiðsludags, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Sigurgesi Guðjónssyni bifvélavirkjameistara og Haraldi Þórðarsyni bifreiðasmiðameistara.

Dómsorð:

Stefnda, Svava Ingvarsdóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda Bjarna Th. Mathiesens í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður, að því er hana varðar.

Stefndu, Magnús Leópoldsson og Hrafn Bachmann, greiði in solidum stefnanda kr. 116.300 með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1970 til greiðsludags og kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.